Hluti myndlistarmannanna, frá vinstri: Kristján Guðmundsson, Ólafur Lárusson, Tumi Magnússon, Þór Elís Pálsson og Jón Örn Ásbjörnsson.

Stórsýning að Kjarvalsstöðum

Hagsmunafélag myndlistarmanna opnar sýningu í dag

Í dag laugardaginn 3. september, klukkan 16.00, hefst sýning Hagsmunafélags myndlistarmanna, að Kjarvalsstöðum. Verður sýningin opin til 18. þessa mánaðar, frá klukkan 14.00-22.00 alla daga.

Þátttakendur í sýningunni eru hátt á fjórða tug talsins og sýna velflestir fleira en eitt verk, eða allt að fimm verkum hver. Eru verkin af ólíkri stærð og gerð og þekja vestursal, ganga og fundarsal. Einnig verða höggmyndir á túninu kringum salarkynnin.

Fyrir utan hefðbundin málverk og höggmyndir, verða framdir gjörningar (Performance), sýnd myndbandaverk (Video), hljóðverk (Audio) verða framin og sýndar verða kvikmyndir. Einnig eru á sýningunni uppsetningar (Installation) og umhverfisverk (Environment) alls konar. Hér er því um mikla fjölbreytni að ræða í vali efniviðar og aðferða.

Hagsmunafélag myndlistarmanna er yngsta félagið í Sambandi íslenskra myndlistarmanna. Hins vegar er það hið næstfjölmennasta. Það var stofnað árið 1979 og var aðalmarkmið þess að hópa saman myndlistarmönnum, sem af einhverri ástæðu voru ekki í öðrum myndlistarfélögum. Annað markmið félagsins var að sameina öll félög myndlistarmanna í heildarsamtök og náði það markmið fram að ganga 15. nóvember 1982. Þá var stofnað Samband íslenskra myndlistarmanna (SÍM) og eru nú 6 félög innan þeirra vébanda.

Í Hagsmunafélagi myndlistarmanna eru ungir listamenn í meirihluta, fólk sem leggur stund á myndlist, í víðtækasta skilningi. En einnig eru innan vébanda félagsins myndlistarmenn, yngri og eldri, sem stundað hafa myndlist um langt skeið, en ekki notið mikillar skólagöngu né haft tækifæri til að sýna verk sín á öðrum vettvangi.

Tilefni sýningarinnar er að stuðla að viðgangi félagsins, sem átt hefur í erfiðleikum með að fá viðurkenningu yfirvalda á starfi sínu. Hingað til hefur félagið einungis verið til á pappírnum, en nú skal láta reyna á alvöru félagsmanna. Einnig gefst hér gott tækifæri til að koma á framfæri verkum og vinnu listamanna, sem nýlagðir eru út á braut myndlistar.

Á því er enginn vafi, að stórsýningar af því tagi sem nú er opnuð á Kjarvalsstöðum, eru verðugur vettvangur fyrir myndlistarmenn, sem sýna vilja breidd nútímalistar. Slíkar sýningar eru ferskar og frjóar og er skemmst að minnast þeirra tveggja stórsýninga, sem settu svip sinn á bæjarmenninguna á liðnum vetri: UM-sýningin á Kjarvalsstöðum og Gullströndin andar, að Hringbraut 119. Þær sýningar vöktu verðskuldaða athygli og líflegar umræður um myndlist almennt. Er það von aðstandenda sýningar Hagsmunafélags myndlistarmanna, að þessi sýning sem nú opnar að Kjarvalsstöðum verði enginn eftirbátur þeirra.

Sýningarnefnd þessarar sýningar skipa þeir Þór Elís Pálsson, Tumi Magnússon, Ólafur Lárusson, Jón Örn Ásbjörnsson og Halldór Björn Runólfsson. Sýningunni fylgir vegleg sýningarskrá í bókarformi með upplýsingum og myndum eftir alla sýnendur.

HBR

erlendar bækur

Vígbúnaðarkapphlaupið

Brian Easlea: Fathering the Unthinkable Masculinity.
Scientists and the Nuclear Arms Race.
Pluto Press 1983.

Brian Easlea hóf feril sinn sem starfsmaður við kjarnorkurannsóknir í Brasilíu á miðjum sjöunda áratugnum, og þar ákvað hann að hverfa frá þeim störfum vegna þess að hann komst að þeirri niðurstöðu að kjarnorkuvopn væru ekki nauðsynleg til þess að verja vestræna menningu gegn árásar- og einræðisstefnu Sovétríkjanna. Hann vitnar í umsagnir Einsteins um hættuna sem stafar af feigðarflani Bandaríkjanna í kjarnorkuvígbúnaði, sem drægi allan heiminn á eftir á sömu braut og einungis væri hægt að forðast ósköpin með því að gjörbreyta stefnu Bandaríkjanna á þessu sviði, með pólitískum aðgerðum innan þeirra. Easlea álítur að þátttaka Bandaríkjanna í síðari heimsstyrjöld hafi bjargað efnahagskerfi þeirra jafnframt sem það bjargaði Evrópu frá nasískum terror. Bandarískt hagkerfi byggist á eyðslu og stöðugri endurnýjun framleiðsluvaranna þar m.a. stöðugri endurnýjun og endurbótum á kjarnorkuvopnum. Meðan þessi stefna er ráðandi verður komist hjá fjölda-atvinnuleysi og kreppu.

Iðnaðarsamsteypurnar og Pentagon eru nátengd, en það var sú staða sem Eisenhower óttaðist hvað mest. En hvað veldur þessu ástandi? Easlea telur að ástæðanna til þessa sé ekki einungis að leita í gróðahyggju, heldur liggi undirrótin dýpra. Hann telur að kveikjunnar að vígbúnaðarkapphlaupinu sé að leita aftur á 16. og 17. öld, ekki síst í kenningum Francis Bacons um að menn geti sigrast á náttúrunni og umhverfinu með rannsóknum og vísindalegum aðferðum, undirokað hana, á sama hátt og karlmaðurinn undirokar konurnar.

Höfundurinn telur að karlaveldið hafi magnast á þessum öldum og einn þáttur þess hafi verið auknar galdraofsóknir, sem beindust svo til eingöngu gegn kvenfólki. Nornin varð dæmi um hina óbeisluðu náttúru, náttúran sjálf var kvenkyns, jörðin og konan voru tengd, skilningur konunnar var jarðlægur og hvatir hennar og allt eðli var talið spillt, það varð að hemja þetta spillta eðli og þessar myrku hvatir á sama hátt og menn sigruðust á náttúrunni og „tókust á við jarðveginn“ (eins og segir í auglýsingu frá jarðýtusölum í dagblöðum nýverið).

Óttinn við „femínu“ var óttinn við það óþekkta og ummyndaðist í hatur, allt veikburða var talið kvenlegt, sem ekki hæfði karlmönnum, mildi og hlýja var ekki talin karlmannleg og lykilstörf kvenna, barnauppeldi, umsjón heimilisins og matargerð hæfði ekki heldur. Einföld dagleg störf voru sett á óæðri bekk.

Bak við þetta felst óttinn við „anímuna“ (Jung), sem býr í öllu karlkyns, sem býr í djúpum, sem aldrei verða krufin né skýrð með línuritum.

Höfundurinn fjallar um skáldsögu Mary Wollstonecraft Godwin Shelley, „Frankenstein“, en þar telur höfundur uppdregna mynd af karlmannaveldinu á ystu nöf. Vísindamaður býr til veru „Frankenstein“, sem er hugsjón karlmannsins, smátt og smátt breytist þessi vera í hreina ófreskju, sem veit allt getur allt og kemst allt, persónugerð framfara, sem leiða aðeins til glötunar, sálarlaus (animan) skepna, merkt dauða og djöfli. Nauðgun náttúrunnar hefnir sín

gífurlega og svo getur farið að örlög Frankensteins verði örlög manna.

Easlea rekur fjölmörg dæmi um afstöðu nútíma kjarnorkuvísindamanna til atvinnu sinnar, hún er fyrst og fremst spennandi, þeir töluðu um að „fæða bomburna“ og þegar fyrsta tilraunin var gerð dönsuðu þeir af gleði yfir „fullburða fæddu barni“. Samlíkingar þeirra og orðaval á sér hliðstæðu í orðavali klámkjafta og dóna um kvenfólk. Höfundurinn nefnir fjölmörg dæmi um samtal þeirra og skrif varðandi undirbúning og gerð sprengjunnar og dásömun þeirra á sprengingunni yfir Nagasaki og Hiroshima „skýið hófst upp eins og öflugt stjörnuhrap, virtist lifandi þar sem það hófst upp í óravíddir háloftanna. Þetta var lifandi vera, ný líftegund, sem var að fæðast fyrir augum okkar“. Lýsingin á því þegar sprengjunni var varpað út: „Litli drengurinn (þ.e. bomban) þrýstist úr kviði B-29“.

Og svo dansaði allur vísindamannaskarinn í Los Alamos, þegar fréttirnar bárust um „vel heppnaða aðgerð“, drakk kampavín og klæmdist. Karlmaðurinn hafði loks sýnt sig færan um að fæða af sér barn.

Frankensteinar nútímans ráða ferðinni og hafa allan heiminn í taumi, hugmyndafræði þeirra mótar mat manna og afstöðu og bjálfalegar draumsýnir þeirra um al-hannaðan heim eru það sem koma skal.

Í lokakafla ritsins ræðir höfundurinn um það sem gera þarf til þess að útiloka hættuna af gjöreyðingu, en hann telur hana byggjast á sljóu tilfinningarlífi og heimsku tæknirótanna, frankensteinanna, menn skyldu minnast þess að þeir eru hluti náttúrunnar og ef þeir gleyma því þá renna upp „vondir dagar“.